

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hafnarsjóðs Skagafjarðar.

Með vísan til 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 með síðari breytingum um gjaldskrá hafna, hefur samgöngunefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkt eftirfarandi breytingu á gjaldskrá fyrir báta undir 100 brt.:

	kr.
Vigtunargjald, pr. vigtun	500
Kranagjald, pr. hvert byrjað tonn	250
Vatnsgjald, pr. löndun	75
Sorpgjald, pr. mánuð	300

Milli kl. 17.00 og 22.00 verða einnig innheimtir 2 tímar í næturvinnu.

Eftir kl. 22.00 til 08.00 næsta dag, svo og laugardaga, sunnudaga og aðra helgidaga, verða, ef nauðsynlegt reynist að ræsa út til vigtunar á þeim tíma, innheimtir 4 tímar í næturvinnu samkvæmt gjaldskrá. Kostnaður deilist á milli báta séu fleiri en einn að landa á svipuðum tíma.

Breytingin var samþykkt í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 8. júní 2006 og öðlast þegar gildi.

Sveitarfélaginu Skagafirði, 8. júní 2006.

Ársæll Guðmundsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. júní 2006